

Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

Fundargerð (28)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 23. mars 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams föstudaginn 19. mars og mánudaginn 22. mars.

- 1. Fundargerð 27. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
- 3. Staða tæknimála.** Launagreiðendur upplýstu um stöðuna þar sem áherslan hefur einkum verið á uppfærslur á Vinnustund. Enn finnast hnökror við prófun en róið að því öllum árum, m.a. með daglegum stöðufundum, að kerfið verði tilbúið til að þjóna því sem þarf vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. Viðmót sem gerir stjórnendum betur kleift að fylgja eftir menningarbreytingunni í nýju kerfi er eitt helsta áhersluatriðið. Bára Hildur benti á að forritun vegna mismunandi framkvæmdar kjarasamninga á vinnustöðum sem nú kemur í ljós sé stórt verkefni.
- 4. Staða vaktaskýrslna** - Launagreiðendur upplýstu hvað gerst hefur í þróun vaktaskýrslna frá síðasta fundi. Af ríkisins hálfu hefur verið lögð áhersla á að ráðuneytin beri hvert fyrir sig ábyrgð á stofnunum á sínu sviði en geri KMR kleift að fylgjast með framvindu. Heilbrigðisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti vinna með sínum stofnunum en KMR vinnur með stofnunum annarra ráðuneyta ef þess er óskað. Staða stofnana er ólík en ákall er eftir fullnægjandi formi fyrir stjórnendaskýrslur. Hjá Reykjavíkurborg standa yfir prófanir á nýjustu uppfærslum Vinnustundar og verið er að takast á við hnökra og vankanta sem koma fram. Þar er sérstaklega kallað eftir því að verkefnisstjórn bjóði upp á námskeið fyrir launafulltrúa. Upplýsti verkefnisstjóri að undirbúningur sérstaks námskeiðs fyrir launafulltrúa sé þegar hafinn jafnframt því sem verkefnisstjórn tekur áfram þátt í þróun og framkvæmd annarra námskeiða með Starfsmennt. Hjá sveitarfélögum gefur skoðanakönnun til kynna að langstærstur hluti þeirra sé langt kominn í undirbúningi vaktaskýrslna. Öll telji þau sig geta framkvæmt launagreiðslur eftir 1. maí í samræmi við breytt kerfi. Hjá mörgum fyrirtækjum innan SFV er gert ráð fyrir að áfram verði byggt á excel-skjölum. Í MyTimePlan hafa komið upp hnökror sem horft er til að leysa. Ákveðið að SFV fái fulltrúa á daglegum stöðufundum um tæknimálin.

5. **Orðalag í fylgiskjali II - Vaktahvati.** Einar Mar gerði grein fyrir tillögu sem fyrir lá í gögnum fundarins um breytingu á orðalagi í fskj. 2 um vaktahvata. Tillagan er gerð til samræmis við orðalag um aðrar launategundir sem greiðast í sama hlutfalli og starfshlutfall starfsmanns á viðkomandi launatímabili. Málið rætt og verður til afgreiðslu á næsta fundi.
6. **Hvenær byrjar yfirvinna að telja?** Í framhaldi síðasta fundar hafa fulltrúar launafólks og launagreiðenda átt fundi til að þroska umræðu á grunni minnisblaðs verkefnisstjórnar sem þá var til umræðu. Farið var yfir orðalag mismunandi útfærslna en niðurstaða liggur ekki fyrir. Samþykkt að verkefnisstjóri kalli til fundar til að ljúka umræðu og gefa út leiðbeiningar sem fyrst.
7. **Hvað teljast föst laun starfsmanns?** - Til umræðu var minnisblað verkefnisstjórnar um hvernig taka eigi mið af unninni breytilegri yfirvinnu sem er hluti af vaktakerfum þegar betri vinnutími í vaktavinnu tekur gildi. Hópar sem um ræðir eru flestir innan BSRB og starfa hjá ríki eða einstaka sveitarfélögum. Eftir umræðu var samþykkt að verkefnisstjóri boði fulltrúa bæði frá launafólki og launagreiðendum til fundar til að fara yfir minnisblaðið og ganga frá leiðbeiningum.
8. **Önnur mál**
 - **Næsti fundur** – Í framhaldi af umræðu á síðasta fundi lagði verkefnisstjóri til að næsti fundur stýrihóps verði miðvikudaginn 7. apríl kl. 13.00-14.30. Samþykkt að boða fund þá.
 - **Ferill upplýsinga og gæðaeftirlit.** Fyrir lá minnisblað verkefnisstjórnar um ferli innleiðingar og nauðsyn þess að sýna fyrirhyggju og frumkvæði til að fyrirbyggja vanda við gildistöku betri vinnutíma í vaktavinnu, ef leiðarljós verkefnisins eru ekki höfð í forgrunni. Rætt um ábyrgð hvers og eins í ferlinu, þ.e. verkefnisstjórnar f.h. stýrihóps, innleiðingarhópa, launagreiðenda og stofnana/vinnustaða. Samþykkt að fyrsta skref verkefnisstjórnar sé að kortleggja stöðuna betur með launagreiðendum en síðan sé mikilvægt að virkja innleiðingarhópana þannig að sem flestir kyndilberar fái að verkefninu.
 - **Matshópur.** Í gögnum fundarins var mappa frá matshópi með upplýsingum um fyrirhugaða viðhorfskönnun til mats á framkvæmd og árangri verkefnisins betri vinnutími í vaktavinnu miðað við leiðarljós þess. Fundarstjóri lagði að gefnu tilefni áherslu á skyldu allra sem aðild eiga að fylgiskjali 2 til að leggja til fullnægjandi upplýsingar til að senda megi könnunina til alls þýðisins. Fulltrúar launagreiðenda í stýrihópnum munu á fundi verkefnisstjórnar á morgun fara yfir hversu mikilvægt hlutverk og gott starf matshópsins er til að leggja megi mat á hvort breytingar á vinnutíma í vaktavinnu nái þeim markmiðum sem að er stefnt.
 - **Skýrslur frá innleiðingarhópum og matshópi.** Fundarstjóri minnti á að samkvæmt stýriskjali verkefnisins er gert ráð fyrir að matshópur og innleiðingarhópar skili reglulegum skýrslum til stýrihóps.

Fundi slitið kl. 15.57. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur **miðvikudaginn 7. apríl kl. 13.00 – 14.30.**